



Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Búðardal, 28.07.2022
Málsnr. 2203020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um sýslumann, mál nr. 122/2022

Vísað er í drög að frumvarpi til laga um sýslumann í Samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 122/2022 með umsagnarfrést til 15.08.2022.

Dalabyggð vill byrja á að þakka fyrir lengdan umsagnarfrést.

Sveitarfélaginu barst bréf frá dómsmálaráðherra, dagsett 21. mars 2022 þar sem vakin var athygli á endurskipulagningu sýslumannsembættta. Dalabyggð svaraði bréfinu þann 4. apríl sl. og vísaði þar til bókonar frá 287. fundi byggðarráðs (sjá hér fyrir neðan).

11. 2203020 - Endurskipulagning sýslumannsembættta

Bréf frá dómsmálaráðherra lagt fram.

Byggðarráð Dalabyggðar bendir á að gæta þarf að því að þjónusta verði jafngöð eða betri en er í dag. Sýslumannsembættin eru mikilvæg fyrir þau byggðarlög þar sem þau hafa aðsetur. Reynsla Dalamanna af því þegar sýslumannsembættið í héraðinu var lagt niður sýnir neikvæða þróun af því að leggja störf af þessu tagi niður. Samþykkt samhljóða.

Dalabyggð ítrekar þá skoðun sem fram kemur í bókuninni að gæta þurfi sérstaklega að gæðum þjónustunnar og aðgengi að henni. Við þetta er að bæta að í frumvarpsdrögum er ekki að finna sérstakar útlistanir á því hvernig efla eigi starfsstöðvar á landsbyggðinni. Hins vegar lýsir Dalabyggð ánægju með að það skuli vera kveðið á um það í 2. tölulið 3. greinar að sýslumaður skuli veita þjónustu í Búðardal. Mikilvægt er að tryggja að starfsstöðvum verði ekki lokað verði frumvarpið að lögum.

Um leið og Dalabyggð fagnar því að einfalda eigi þjónustu, auka samstarf og efla starfræna þróun þá vill sveitarfélagið benda á að nauðsynlegt er fyrir íbúa að geta nálgast ákveðna grunnþjónustu í heimabyggð. Í þessu samhengi má benda á að í Dalabyggð búa um 40 manns sem eru 70 ára og eldri eða um 6% íbúa sveitarfélagsins. Þessi aldurshópur þarf oft á frekari aðstoð að halda heldur en hægt er að veita með stafrænum lausnum og því mikilvægt að ekki þurfi ætíð að gera sér ferðalag til að geta fengið hana. Fyrir utan þau verkefni sem ekki er eða verður unnt að sinna með stafrænum lausnum.

Dalabyggð leggur því til að skýrar verði kveðið á um með hvaða leiðum eigi að efla starfsstöðvar á landsbyggðinni og hvaða verkefnum þeim verði ætlað að sinna.

F.h. Dalabyggðar



Kristján Sturluson
sveitarstjóri